Nr. 1335 30. desember 2011

# GJALDSKRÁ

**fyrir heilbrigðis-, mengunarvarna- og matvælaeftirlit á Vesturlandssvæði.**

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Vesturlandssvæðis, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim og matvælalögum nr. 93/1995 með síðari breytingum, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

| | |
|---|---|
| Tímagjald | kr. 9.971 |
| Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun | kr. 13.000 |

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu síðastliðin þrjú ár, hefur haft vottað gæðakerfi síðastliðin þrjú ár eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni síðastliðin þrjú ár, sem heilbrigðisnefnd viðurkennir, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

| | |
|---|---|
| Endurnýjun starfsleyfis: | |
| Starfsleyfisgjald | eitt tímagjald |
| og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar, úttektar og frágangs, ásamt auglýsingakostnaði ef við á | |
| Ný starfsemi: | |
| Starfsleyfisgjald | eitt tímagjald |
| og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks ásamt auglýsingakostnaði ef við á | |
| Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun: | |
| Starfsleyfisgjald | eitt tímagjald |
| Eftirlitsgjald vegna tóbakssölu | hálft tímagjald |

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálft tímagjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni og önnur sérstök verkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vesturlandssvæðis er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Af starfsemi, sem upp er talin í viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis hefur eftirlit með samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun, skal greiða gjöld samkvæmt 2. gr.

7. gr.

Aðildarsveitarfélögin, eða aðili sem þau tilnefna, annast innheimtu eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka A sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. apríl og eindagi 1. maí ár hvert. Gjalddagi gjalda af sumarrekinni starfsemi er 1. júlí og eindagi 1. ágúst. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

9. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærri er.

10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1161/2010 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Vesturlandssvæðis.

*Hvalfjarðarsveit, 30. desember 2011.*

**Helgi Helgason,**
framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.

# VIÐAUKI A

| ÍSAT 95-númer | Atvinnugrein | Tíðni | Gjald |
|---|---|---|---|
| 90.00.0.6 | Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru | 0,5 | 19.942 |
| 90.00.0.3 | Aðrar skólphreinsistöðvar | 1 | 29.912 |
| 01.24.0.1 | Alifuglarækt < 40.000 stæði | 1 | 39.883 |
| 01.24.0.2 | Alifuglarækt > 40.000 stæði | 2 | 74.780 |
| 15.12.0.0 | Alifuglasláturhús | 2 | 114.663 |
| 52.31.0.0 | Apótek | 0,33 | 16.551 |
| 85.11.5.0 | Áfengismeðferð | 0,5 | 21.187 |
| 52.25.0.0 | Áfengisverslun | 0,5 | 16.152 |
| 90.00.0.9 | Áhaldahús sveitarfélags | 0,5 | 19.942 |
| 15.81.0.3 | Bakarí, miðlungs | 1 | 49.853 |
| 50.50.0.1 | Bensínstöðvar án matvöru | 1 | 19.942 |
| 50.50.0.2 | Bensínstöðvar með matvöru | 1 | 49.853 |
| 50.50.0.3 | Bensínstöðvar með veitingasölu | 2 | 79.765 |
| 50.50.0.0 | Bensínstöðvar, sjálfsafgreiðsla | 1 | 19.942 |
| 50.20.0.4 | Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, lítið | 0,5 | 19.942 |
| 50.20.0.5 | Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, miðlungs | 0,5 | 26.173 |
| 50.20.0.2 | Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið | 0,5 | 17.449 |
| 50.30.0.3 | Bílapartasölur | 1 | 39.883 |
| 15.96.0.0 | Bjórgerð | 1 | 37.390 |
| 28.52.0.1 | Blikksmíði | 0,25 | 7.478 |
| 52.48.8.0 | Blómaverslanir | 0,25 | 7.478 |
| 50.20.0.10 | Bón- og bílaþvottur, handvirk | 0,25 | 12.463 |
| 50.20.0.9 | Bón- og bílaþvottur, sjálfvirk | 0,5 | 24.927 |
| 52.46.1.2 | Byggingavöruverslanir, litlar | 0,5 | 24.927 |
| 52.46.1.1 | Byggingavöruverslanir, stórar | 1 | 39.883 |
| 55.23.0.2 | Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu | 0,5 | 17.449 |
| 55.23.0.1 | Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu | 0,5 | 22.434 |
| 85.32.1.1 | Dagmæður með 6 börn eða fleiri | 0,5 | 19.942 |
| 85.11.1.2 | Deildaskipt sjúkrahús, miðlungs með móttökueldhúsi | 1 | 39.883 |
| 85.11.4.2 | Dvalar- og hjúkrunarheimili, miðlungs með móttökueldhúsi | 1 | 39.883 |
| 85.11.4.3 | Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór með fullbúnu eldhúsi | 1 | 59.824 |
| 85.20.0.1 | Dýralæknastofur án röntgen | 0,25 | 7.478 |
| 93.01.0.2 | Efnalaugar | 0,5 | 24.927 |
| 37.20.0.3 | Endurvinnsla seyru | 0,5 | 14.956 |
| 75.23.0.1 | Fangelsi, lítið | 0,5 | 14.956 |
| 75.23.0.2 | Fangelsi, miðlungs | 1 | 44.868 |
| 55.21.0.1 | Farfuglaheimili og fjallaskálar | 0,5 | 19.942 |
| 85.32.6.1 | Félagsaðstaða fyrir fullorðna með eldhúsi | 1 | 42.375 |
| 85.32.4.0 | Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi | 0,5 | 19.942 |
| 52.23.0.1 | Fiskbúðir með vinnslu, litlar | 1 | 39.883 |
| 51.17.2.0 | Fiskmarkaðir | 0,5 | 18.645 |
| 63.23.0.2 | Flugvellir án eldsneytisafgreiðslu | 0,5 | 19.942 |
| 63.23.0.1 | Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu | 1 | 39.883 |
| 85.14.9.1 | Fótaaðgerðarstofur | 0,5 | 16.152 |
| 74.81.0.2 | Framköllunarþjónusta, sérhæfð | 0,5 | 19.942 |
| 26.61.0.0 | Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu | 0,5 | 22.434 |
| 15.61.0.02 | Framleiðsla á fullunnu korni/morgunkorni | 1 | 39.883 |

| **ÍSAT 95-númer** | **Atvinnugrein** | **Tíðni** | **Gjald** |
|---|---|---|---|
| 24.11.0.0 | Framleiðsla á iðnaðargasi | 0,5 | 19.942 |
| 24.12.0.0 | Framleiðsla á lit- og litarefnum | 0,5 | 19.942 |
| 15.41.0.1 | Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi < 10 tonn á dag | 1 | 44.868 |
| 24.63.0.0 | Framleiðsla á rokgjörnum olíum | 0,5 | 19.942 |
| 24.14.0.0 | Framleiðsla á öðrum lífrænum grunnefnum til efnagerðar | 0,5 | 19.942 |
| 24.13.0.0 | Framleiðsla á öðrum ólífrænum grunnefnum til efnagerðar | 0,5 | 19.942 |
| 15.91.0.0 | Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja | 1 | 37.390 |
| 15.98.0.1 | Framleiðsla gosdrykkja og safa | 1 | 57.331 |
| 15.71.1.0 | Framleiðsla húsdýrafóðurs | 0,25 | 7.478 |
| 26.63.0.0 | Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu | 0,5 | 22.434 |
| 80.22.0.3 | Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með fullbúnu eldhúsi | 1 | 59.824 |
| 80.30.0.3 | Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúnu eldhúsi | 1 | 59.824 |
| 24.20.0.1 | Garðaúðun | 0,25 | 12.463 |
| 90.00.0.5 | Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni | 0,5 | 19.942 |
| 90.00.0.4 | Gámastöð | 0,5 | 19.942 |
| 55.12.0.1 | Gistiheimili án veitingasölu, lítið (< 16 manns) | 0,5 | 14.956 |
| 55.12.0.2 | Gistiheimili án veitingasölu, miðlungs (16-50 manns) | 0,5 | 19.942 |
| 55.12.0.3 | Gistiheimili án veitingasölu, stórt (>50 manns) | 1 | 49.853 |
| 80.10.0.1 | Grunnskólar án mötuneytis | 0,5 | 21.187 |
| 80.10.0.3 | Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi | 1 | 59.824 |
| 80.10.0.2 | Grunnskólar með móttökueldhúsi | 1 | 49.853 |
| 52.62.0.1 | Götuleikhús og tívolí | 1 | 29.912 |
| 15.20.5.0 | Harðfiskverkun | 0,25 | 9.971 |
| 93.02.0.0 | Hárgreiðslu- og snyrtistofur | 0,5 | 19.942 |
| 93.02.0.1 | Hárgreiðslustofur | 0,5 | 18.645 |
| 51.31.0.1 | Heildverslun með ávexti og grænmeti | 1 | 37.390 |
| 85.12.1.1 | Heilsugæslustöðvar | 0,25 | 7.478 |
| 85.31.1.0 | Heimili fyrir börn og unglinga | 0,5 | 19.942 |
| 15.20.4.1 | Heitloftsþurrkun fiskafurða | 1 | 49.853 |
| 92.62.0.1 | Hestahald (hesthúsahverfi) | 0,5 | 14.957 |
| 40.33.1.0 | Hitaveitur | 0,5 | 18.645 |
| 50.20.1.4 | Hjólbarðaverkstæði, gúmmívinnsla | 0,25 | 8.101 |
| 85.11.4.4 | Hjúkrunarvistun | 0,5 | 21.187 |
| 55.11.0.1 | Hótel með veitingasölu, lítið (< 50 manns) | 1 | 47.360 |
| 55.11.0.2 | Hótel með veitingasölu, miðlungs (51-100 manns) | 2 | 99.706 |
| 55.11.0.3 | Hótel með veitingasölu, stórt (> 100 manns) | 2 | 119.648 |
| 15.20.5.1 | Hrognavinnsla | 0,25 | 9.971 |
| 01.42.0.2 | Hundahótel og kattahótel | 0,5 | 12.463 |
| 15.52.0.0 | Ísgerð | 2 | 139.589 |
| 92.61.0.5 | Íþróttahús, miðlungs | 0,5 | 23.680 |
| 92.61.0.6 | Íþróttahús, stór | 1 | 44.868 |
| 92.61.0.7 | Íþróttavellir | 0,25 | 8.725 |
| 52.46.1.3 | Járnvöruverslanir | 0,5 | 24.927 |
| 96.62.0.2 | Kappaksturs- og æfingabrautir | 0,5 | 16.152 |
| 91.31.1.1 | Kirkjur án safnaðarheimila | 0,25 | 6.232 |
| 91.31.1.2 | Kirkjur með safnaðarheimilum | 0,5 | 22.434 |
| 15.13.0.5 | Kjötpökkunarstöð | 2 | 119.648 |
| 15.13.0.3 | Kjötvinnsla með reykingu, lítil | 1 | 34.897 |
| 15.13.0.4 | Kjötvinnsla með reykingu, miðlungs | 1 | 39.883 |

| ÍSAT 95-<br>númer | Atvinnugrein | Tíðni | Gjald |
|---|---|---|---|
| 15.13.0.1 | Kjötvinnsla, lítil | 1 | 34.897 |
| 15.13.0.2 | Kjötvinnsla, miðlungs | 1 | 39.883 |
| 55.40.0.1 | Krár, kaffihús með matsölu (< 50 manns) | 1 | 39.883 |
| 15.87.0.1 | Krydd- og bragðefnaframleiðsla | 1 | 34.897 |
| 15.87.0.0 | Krydd- og bragðefnaframleiðsla | 0,5 | 19.942 |
| 05.02.2.1 | Kræklingarækt | 0,25 | 6.860 |
| 92.13.0.1 | Kvikmyndahús | 0,5 | 19.942 |
| 15.82.0.2 | Kökugerð, lítil | 1 | 34.897 |
| 15.20.8.0 | Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarrétta lítil | 1 | 39.883 |
| 05.02.2.0 | Land- og kvíaeldi | 0,5 | 22.434 |
| 92.31.01 | Leikhús án eldhúss | 0,5 | 19.942 |
| 92.31.03 | Leikhús með fullbúnu eldhúsi | 1 | 54.838 |
| 92.31.02 | Leikhús með móttökueldhúsi | 0,5 | 29.912 |
| 85.32.2.2 | Leikskólar með fullbúnu eldhúsi | 1 | 42.375 |
| 85.32.2.1 | Leikskólar með móttökueldhúsi | 1 | 37.390 |
| 85.32.2.3 | Leikvellir | 0,5 | 14.956 |
| 15.42.0.1 | Lifrarbræðsla og lýsishreinsun | 1 | 69.794 |
| 93.04.0.2 | Líkamsræktarstöðvar, miðlungs | 0,5 | 22.434 |
| 93.04.0.3 | Líkamsræktarstöðvar, stórar | 1 | 34.897 |
| 74.81.0.3 | Ljósmyndastofur með framköllun | 0,5 | 19.942 |
| 01.25.2.0 | Loðdýrabú | 1 | 47.360 |
| 24.42.0.0 | Lyfjagerð | 1 | 47.360 |
| 85.12.2.1 | Læknastofur | 0,25 | 8.101 |
| 14.21.0.0 | Malar- og sandnám; vikurnám. Langtíma starfsemi | 0,5 | 19.942 |
| 52.62.0.0 | Markaðir | 0,5 | 12.463 |
| 55.30.1.2 | Matsölustaðir, miðlungs (51-100 manns) | 2 | 84.751 |
| 55.30.1.1 | Matsölustaðir, litlir (17-50 manns) | 1 | 42.375 |
| 55.30.1.7 | Matsöluvagnar | 1 | 29.912 |
| 52.11.2.5 | Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs | 1 | 39.883 |
| 52.11.2.6 | Matvöruverslun án vinnslu, stór | 1 | 49.853 |
| 52.11.2.1 | Matvöruverslun með vinnslu, lítil | 1 | 49.853 |
| 52.11.2.2 | Matvöruverslun með vinnslu, miðlungs | 1 | 59.824 |
| 52.46.2.1 | Málningarvöruverslanir | 0,5 | 24.927 |
| 28.51.0.0 | Meðferð og húðun málma | 0,5 | 12.463 |
| 15.51.0.0 | Mjólkurbú og ostagerð | 1 | 39.883 |
| 15.51.0.1 | Mjólkurbú, lítil | 0,5 | 22.434 |
| 15.20.7.1 | Mjölvinnsla úr sjávarafurðum | 1 | 59.824 |
| 51.57.0.3 | Móttaka á úrgangi til endurvinnslu | 0,5 | 19.942 |
| 51.57.0.2 | Móttaka brotamálms | 1 | 49.853 |
| 55.51.0.2 | Mötuneyti með fullbúnu eldhúsi | 1 | 42.375 |
| 55.51.0.4 | Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið | 1 | 19.942 |
| 14.30.0.0 | Nám og vinnsla á steinefnum | 0,25 | 9.971 |
| 51.57.0.1 | Niðurrif bifreiða | 0,5 | 24.927 |
| 93.04.0.6 | Nuddstofur | 0,5 | 17.449 |
| 26.82.9.1 | Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu | 1 | 49.853 |
| 25.21.0.1 | Plastiðnaður | 0,5 | 19.942 |
| 22.22.9.2 | Prentiðnaður með framköllun | 0,5 | 19.942 |
| 22.22.9.1 | Prentiðnaður, lítill | 0,25 | 9.971 |
| 31.62.0.1 | Rafvélaverkstæði | 0,25 | 7.478 |

| ÍSAT 95-númer | Atvinnugrein | Tíðni | Gjald |
|---|---|---|---|
| 55.52.0.1 | Sala á tilbúnum mat | 1 | 39.883 |
| 15.33.0.2 | Salatgerð | 1 | 49.853 |
| 15.20.2.0 | Saltfiskverkun | 1 | 19.942 |
| 85.32.6.5 | Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi | 1 | 49.853 |
| 05.02.1.2 | Seiðaeldisstöðvar með fleiri en 150 þús. seiði | 0,5 | 22.434 |
| 05.02.1.1 | Seiðaeldisstöðvar með fleiri en 350 þús. seiði | 0,5 | 24.927 |
| 85.14.1.1 | Sjúkraþjálfun | 0,5 | 16.152 |
| 55.30.2.0 | Skemmtistaðir með matsölu | 1 | 49.853 |
| 92.61.0.8 | Skíðaskálar, skíðasvæði | 0,25 | 9.971 |
| 92.72.0.1 | Skotvellir | 0,25 | 7.478 |
| 90.00.0.2 | Skólphreinsistöðvar > 10.000 pe og afrennsli til strandsjávar eða > 2.000 pe og afrennsli á land | 2 | 59.824 |
| 55.30.1.4 | Skyndibitastaðir, litlir (< 50 manns) | 1 | 39.883 |
| 15.11.0.1 | Sláturhús < 50 t/dag | 1 | 54.838 |
| 50.20.0.12 | Smurstöðvar | 0,5 | 24.927 |
| 93.02.0.2 | Snyrtistofur | 0,5 | 18.645 |
| 52.33.0.1 | Snyrtivöruframleiðsla | 0,5 | 18.645 |
| 24.52.0.1 | Snyrtivöruverslun | 0,5 | 18.645 |
| 90.00.0.7 | Sorpflutningar og sorphirða | 0,5 | 19.942 |
| 93.04.0.4 | Sólbaðstofur | 0,5 | 17.449 |
| 40.10.0.1 | Spennistöðvar | 0,25 | 13.086 |
| 55.14.0.1 | Starfsmannabúðir (< 16 manns) | 1 | 39.883 |
| 55.14.0.3 | Starfsmannabúðir (> 50 manns) | 2 | 139.589 |
| 55.14.0.2 | Starfsmannabúðir (16-50 manns) | 1 | 59.824 |
| 55.12.0.4 | Starfsmannabústaðir (< 16 manns) | 0,5 | 19.942 |
| 55.12.0.6 | Starfsmannabústaðir (> 50 manns) | 1 | 59.824 |
| 55.12.0.5 | Starfsmannabústaðir (16-50 manns) | 0,5 | 22.434 |
| 35.11.0.1 | Stálsmíði og stálskipagerð | 1 | 59.824 |
| 15.33.0.1 | Sultu- og ávaxtagrautargerð | 1 | 49.853 |
| 80.10.0.4 | Sumarbúðir | 1 | 39.883 |
| 92.61.0.1 | Sundstaðir, litlir | 1 | 29.912 |
| 92.61.0.2 | Sundstaðir, miðlungs | 2 | 79.765 |
| 15.84.0.1 | Súkkulaði- og sælgætisgerð | 1 | 69.794 |
| 18.30.0.0 | Sútun og litun loðskinna, framleiðsla úr loðskinnum | 0,5 | 19.942 |
| 01.23.0.1 | Svínarækt < 2.000 stæði alisvín eða < 750 stæði fyrir gyltur | 1 | 59.824 |
| 01.23.0.2 | Svínarækt > 2.000 stæði fyrir alisvín eða > 750 stæði fyrir gyltur | 2 | 109.667 |
| 52.11.3.2 | Söluturnar með óvarin matvæla, litlir | 1 | 29.912 |
| 85.13.1.1 | Tannlæknastofur | 0,25 | 7.478 |
| 55.22.0.1 | Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, lítið | 0,25 | 9.971 |
| 55.22.0.2 | Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, miðlungs | 0,5 | 17.449 |
| 55.22.0.3 | Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði, stórt | 0,5 | 19.942 |
| 80.42.2.0 | Tónlistarskólar | 0,25 | 7.478 |
| 20.30.9.2 | Trésmíðaverkstæði án lökkunar | 0,5 | 14.956 |
| 20.30.9.1 | Trésmíðaverkstæði með lökkun | 0,5 | 24.927 |
| 80.10.0.6 | Útihátíðir | 1 | 24.927 |
| 41.00.0.6 | Vatnsveitur < 1.000 íbúa | 1 | 24.927 |
| 41.00.0.7 | Vatnsveitur < 150 íbúa | 0,5 | 18.645 |
| 41.00.0.5 | Vatnsveitur 1.000 - 5.000 íbúa | 4 | 99.706 |
| 41.00.0.4 | Vatnsveitur 5.000 - 10.000 íbúa | 6 | 149.559 |

| ÍSAT 95-númer | Atvinnugrein | Tíðni | Gjald |
|---|---|---|---|
| 51.55.0.2 | Verslun með eiturefni/hættuleg efni | 0,5 | 27.419 |
| 29.11.0.0 | Vélsmíða- og vélaviðgerðaverkstæði | 0,5 | 12.463 |
| 15.20.6.1 | Vinnsla á ferskum fiski, lítil | 0,5 | 19.942 |
| 15.20.6.2 | Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs | 1 | 24.927 |
| 15.20.6.3 | Vinnsla á ferskum fiski, stór | 1 | 59.824 |
| 25.21.0.2 | Vinnsla með plast- og frauðefni | 0,5 | 19.942 |
| 15.11.0.0 | Vinnsla og geymsla kjöts | 1 | 34.897 |
| 40.10.0.3 | Virkjanir | 0,5 | 24.927 |
| 63.21.0.1 | Vöruflutningamiðstöðvar | 0,5 | 19.942 |
| 85.14.9.3 | Yogastofur, heilun o.fl. | 0,5 | 16.152 |
| 93.01.0.0 | Þvottahús og efnalaugar | 0,5 | 18.645 |
| 80.41.0.0 | Ökuskólar, flugskólar o.fl. | 0,25 | 7.478 |
| 80.42.9.0 | Önnur fullorðinsfræðsla og ótalin fræðsla | 0,25 | 7.478 |